

Samþykkt var að halda næsta ársfund samtakanna í Nýju Delí 2.-6. maí 2002 sem þýðir að það ár verða tveir ársfundir, sá síðari um haustið í Washington DC. Nýr forseti tók við, Enrice Accorsi frá Chile, og nýtur hann víðtæks stuðnings og virðingar. Samtökin verða hins vegar ekki með neinn „tilvonandi“ forseta (president elect) fram að næsta ársfundi. Fyrir liggja fjögur framboð til næsta forseta og það sem er óvana-

legt er að tvö framboðin eru frá Norðurlöndunum, Svíþjóð og Finnlandi. Lí hefur þegar lýst yfir stuðningi við dr. Anders Milton frá Svíþjóð, enda veitti hann félaginu mikinn siðferðislegan stuðning í gagnagrunnsmálinu þegar hann var formaður stjórnar samtakanna, en af því lét hann síðastliðið vor. Hann á einnig vísan stuðning Dana og Norðmanna.

Dreifibréf landlæknisembættisins nr. 7/2001

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Bólusetning gegn influensu

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin ráðleggur að influensubóluefni á norðurhveli fyrir tímabilið 2001-2002 innihaldi eftirtalda stofna (WHO Weekly Epidemiological Record, 2001; 76(8): 58-61):

A/Moskvu/10/99 (H3N2) - lík veira*

A/Nýju Caledoniu/20/99 (H1N1) - lík veira

B/Sichuan/379/99 - lík veira**

* A/Panama/2007/99 stofn er A/Moskvu/10/99 - lík veira
** B/Jóhannesborgar/5/99 og B/Viktoríu/504/2000 stofn eru B/Sichuan/379/99 - líkar veirur sem hafa verið notaðar í framleiðslu influensubóluefna.

Hverja á að bólusetja?

Alla einstaklinga eldri en 60 ára. Öll börn og fullorðna sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna- nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdóm-

um og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum. Starfsfólk heilbrigðisþjónustu og aðra þá sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Brýnt er að bólusetningu ljúki eigi síðar en í nóvemberlok.

Frábendingar

Ofnæmi gegn eggjum, formalíni eða kvikasilfri. Bráðir smitsjúkdómar.

Bólusetning gegn pneumókokkasýkingum

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum á 10 ára fresti til handa öllum þeim sem eru eldri en 60 ára og á fimm ára fresti fyrir einstaklinga sem eru í sérstökum áhættuhópum.

Lyfseðlar fyrir lyf án markaðsleyfis (Undanþágueyðublöð)

Ný lyfseðilseyðublöð fyrir lyf án markaðsleyfis tóku gildi með reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, þann 1. apríl síðastliðinn. Vegna tafa í prentun voru þessi nýju eyðublöð ekki til hjá Lyfjastofnun fyrir en í byrjun júní. Lyfjastofnun hefur því ákveðið að taka við eldri gerðum eyðublaða til 1. janúar 2002. Ef sækja á um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í óskráðum lyfjum er þó eingöngu hægt að nota nýju eyðublöðin.

Lyfjastofnun hefur einnig ákveðið að frá og með 1. nóvember næstkomandi

verði eyðublöðin eingöngu seld læknum, læknastofum og sjúkrahúsum í samræmi við reglur sem gilda um sölu á öðrum lyfseðilseyðublöðum. Þeim tilmælum hefur verið beint til apóteka að þau verði læknum innan handar og veiti þeim upplýsingar varðandi óskráð lyf (ATC-flokkur, innflytjandi, framleiðandi og fleira). Vel útfyllt eyðublöð auðveldar umfjöllun Lyfjastofnunar um umsóknina og lokafrágang hennar.

Fréttatilkynning frá Lyfjastofnun